



Samráðsgátt stjórnvalda

Reykjavík, 22. mars 2021

**Efni: Umsögn um drög að reglugerð um (3.) breytingu á reglugerð nr. 1294/2014, um miðlun upplýsinga um matvæli til neytenda.**

Landssamband kúabænda hefur í gegnum tíðina lagt mikla áherslu á að neytendur hafi bæði aðgang að réttum upplýsingum og sem mestum um þau matvæli sem þeir neyta, hvort sem snýr að uppruna, kolefnisspori, framleiðsluháttum eða öðru sem hefur áhrif á val þeirra. Hér er lagt til að heimilt verði að miðla lögbundnum upplýsingum um matvæli til neytenda með stafrænum hætti, í stað þess að upplýsingarnar komi fram á umbúðunum sjálfum.

Sú leið sem lögð er hér til mun auðsjáanlega fela í sér aukna fyrirhöfn fyrir neytendur við að afla sér upplýsinga um matvælin. Það er hæpið að sjá að þessháttar miðlun upplýsinga, þ.e. einungis á stafrænan hátt, geti komið í stað merkinga á umbúðum, þó hún gæti boðið upp á upplýsingagjöf til viðbótar við lögbundnar upplýsingar sem væri vel. Það er því mat samtakanna að þessi breyting er ekki til þess fallin að gæta hagsmuna neytenda.

Virðingarfyllt,

*Margrét Gísladóttir*

Margrét Gísladóttir

*Framvkæmdastjóri Landssambands kúabænda*